

Minnisblað um einleiksflygla Salarins

Salurinn hefur státað af tveimur konsert flyglum af bestu gerð. Annars vegar Bösendorfer og hins vegar Steinway flygli. Nú er svo komið að báðir þessir flyglar eru komnir vel til ára sinna og henta ekki sem skildi sem einleiksflyglar í tónlistarhúsi.

Steinway flygillinn er orðinn 20 ára gamall en Bösendorfer flygillinn nokkrum árum eldri.

Fyrir tónleikahús eins og Salinn sem búinn er öllum þeim bestu aðstæðum sem völ er á til tónlistarflutnings er mikilvægt að flygillinn sé í hæsta gæðaflokki þannig að hann laði að okkar besta innlenda sem erlenda tónlistarfólk.

Á undanförnum árum hafa píanóleikarar alls staðar að úr heiminum komið fram í tónleikaröðinni Jazz í Salnum. Þrjátíu innlendir píanóleikarar fluttu einleik í tónleikaröðinni Beethoven í 250 ár árin 2020-2021 auk fjölda annarra tónleika þar sem flyglarnir leika lykilhlutverk. Því miður hafa píanóleikarar æ oftast orð að því að flyglarnir séu ekki í nægilega góðu standi sem konsertflyglar.

Aðdráttarafli flyglanna er engin launung þegar kemur að því að velja vettvang til tónleikahalds hvort heldur sem um er að ræða klassík, jazz eða popp. Það er því mjög mikilvægt að Salurinn bjóði upp á hljóðfæri af bestu gerð til tónleikahalds og sé áfram samkeppnishæft þegar kemur að vali tónlistarmanna á vettvangi til tónleikahalds.

Heppilegast er fyrir tónleikahús að endurnýja flygla á minnst tíu ára fresti en konsertpíanistar á heimsmælikvarða gera kröfu um að flyglar sem þeir spila á séu ekki eldri en tíu ára. Það er því nokkuð ljóst að tuttugu ára gamlir flyglar eru ekki lendum ákjósanlegir í tónleikahúsi í þeim gæðaflokki sem Salurinn er.

Má nefna hér að Harpa sem opnaði fyrir ellefu árum hefur þegar endurnýjað konsertflygilinn sinn og einmitt aðeins eftir tíu ára notkun.

Það er því orðið brýnt að Salurinn endurnýi annan flygilinn til að vera samkeppnishæf og til að halda áfram að bjóða upp á bestu aðstæður til tónleikahalds sem um leið laðar að fleiri tónlistarmenn og eykur tekur hússins.

Kostnaður við nýjan flygil er á bilinu 25 – 30 milljónir sem í stóra samhenginu er ekki há upphæð miðað við nýtingu og þá tekjumyndun sem hann skapar. Eins er alltaf möguleiki á að selja eldri flygilinn eða að nýta hann á öðrum vettvangi hjá Kópavogsbæ.

Virðingarfyllt,

Aino Freyja Järvelä
Forstöðumaður Salarins